

Fundur haldinn í framkvæmdaráði Almannavarna Árnessýslu (A.Á.) þann 22. mars 2021 kl. 13:00 í fundarsal Brunavarna Árnessýslu og fjarfundi.

Mættir eru: Ásta Stefánsdóttir (ÁS), formaður, Sólveig Þorvaldsdóttir (SP), varaformaður og Aldís Hafsteinsdóttir (AH) (í fjarfundi).

Auk þeirra sitja fundinn: Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri Almannavarnanefndar Árnessýslu, Kjartan Þorkelsson, Björn Ingi Jónsson og Oddur Árnason frá Lögreglunni á Suðurlandi.

Fundagerð ritaði Unna Björg Ögmundsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Almannavarnavikur

Umræður um að endurtaka almannavarnavikur eins og voru í öllum sveitarfélögum á Suðurlandi fyrir nokkrum árum. Kjartan sagði frá að hann hefði hug á að heimsækja alla sveitarstjóra til að fara yfir hvaða mál væru í brennidepli á hverjum stað. Í framhaldi af fundum með sveitarstjórum verður fyrirkomulagið formað frekar en það getur orðið breytilegt eftir sveitarfélögum.

2. Fræðsluerindi fyrir almannavarnanefnd Árnessýslu

Umræður um að fá fræðsluerindi fyrir almannavarnanefndina og jafnvel fleiri sem áhuga kunna að hafa. Hugmyndir um fræðsluerindi eru t.d. um gróðurelda.

3. Samningur sveitarfélaganna og lögreglu um verkefnastjóra, endurnýjun sbr. umræðu á Héraðsnefndarfundi

Ásta og Kjartan munu vinna að drögum að nýjum samningi og uppfæra ef þörf er á. Sólveig óskar eftir að í samningi sé kveðið á um að sveitarfélögin fái upplýsingar um verkefnastöðu og -áætlanir.

4. Covid-reynslan og viðbragðsáætlanir, er þörf á uppfærslu?

Fundarmenn sammála um að setjast þurfi yfir viðbragðsáætlanir og uppfæra þær miðað við það sem Covid hefur kennt okkur, t.d. notkun á Teams o.fl.

5. Upplýsingagjöf almannavarna - þróun mála síðustu 20 ár

Ásta rifjar upp aðdraganda að stórum jarðskjálfta á Suðurlandi fyrir 20 árum síðan. Hvernig hefur upplýsingagjöf breyst á þessum 20 árum? Umræður um viðbrögð og tilkynningar til almennings.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:39.